

Gámaþjónusta Norðurlands ehf  
Rangárvöllum  
603 Akureyri



UMHVERFISSTOFNUN

Akureyri, 12. febrúar 2014  
Tilvísun: UST20130800092/gsa

### Staðfesting á úrbótum móttekin - máli lokið


Umhverfisstofnun vísar í bréf með eftirlitsskýrslu, dags. 13. ágúst 2013, þar sem fjallað er um þrjú frávík frá starfsleyfi, sem komu fram við reglubundið eftirlit hjá starfsstöð Gámaþjónustu Norðurlands (áður Sagaplast) þann 10. júní 2013, er varðar að merkingum á ílátum spilliefna var áfátt, eftirlitsmæling á fráveituvatni við úttak olíuskilju fór ekki fram árið 2012 og árleg skýrsla rekstraraðila um skráningar hafði ekki borist fyrir tilsettan tíma.

Þann 18. nóvember sl. barst stofnuninni eftirlitsmæling á fráveituvatni sem framkvæmdar voru í nóvember 2013 og voru niðurstöður þeirra mælinga innan marka starfsleyfis. Árleg skýrsla rekstraraðila um skráningar var send eftirlitsaðila að loknu eftirliti og þann 6. febrúar sl. bárust ljósmyndir því til staðfestingar að búið sé að lagfæra merkingar á ílátum spilliefna.

Lítur Umhverfisstofnun á þetta sem fullnægjandi úrbætur og mun ekki aðhafast frekar vegna frávíksins.

**Hér með staðfestist að starfsstöð Gámaþjónustu Norðurlands (áður Sagaplast) hefur bætt úr þeim frávíkum sem komu fram við reglubundið eftirlit ársins 2013.**

Virðingarfyllst

  
Sigrún Agústs dóttir  
Sviðsstjóri

  
Guðbjörg Stella Árnadóttir  
Sérfræðingur

Afrit: Heilbrigðisnefnd Norðurlands eystra